

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. júlí 2023
UST202307-082/B.S.
10.04.01

Efni: Breyting aðalskipulag - efnistökusvæði - Litla-Sandfell. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 7. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.

Gert er ráð fyrir að taka allt að 18.000.000 m³ á næstu 30 árum sem líklega er allt nýtanlegt efni í fellinu.

Umhverfisstofnun vill benda á að ein af forsendum efnistöku í Litla-Sandfelli eru fyrirætlanir um vinnslu íblöndunarefna í sement í Þorlákshöfn. Ekki er enn útséð hvort eitthvað verði af þeim framkvæmdum. Því telur Umhverfisstofnun að ef ekki verður af byggingu mólunarverksmiðju ætti að falla frá fyrirætlunum um efnistöku í Litla-Sandfelli þar sem mjög stórar námur eru nú þegar opnar í sveitarfélaginu sem eru í Lambafelli, fleiri en ein og Þórustaðanáma í Ingólfsfjalli. Fram kemur í greinargerð að markmið skipulagsins sé m.a. að stuðla að því að námur verði færri og stærri.

Því telur Umhverfisstofnun að ekki eigi að ráðast í frekari efnistöku í Ölfusi að sinni þar sem þegar eru tvær af stærstu námum landsins í sveitarfélaginu og því nægt framboð af malarefni þótt akstur sé aðeins lengri frá Þorlákshöfn t.d. í Lambafell en í Litla-Sandfell þá er lengri akstur í sumum tilfellum óhjákvæmilegur fylgiskur þess ef námur eru færri og stærri. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur